

**Nd.**

**872. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. júlí 1911, nr. 28, um viðauka við lög 14. des. 1877, nr. 28, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóv. 1905, nr. 53, um viðauka við nefnd lög.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til athugunar og leitað sjer upplýsinga um málið, auk þeirra upplýsinga, sem felast í fylgiskjali því, er fylgir álitni nefndarinnar í efri deild á þingskjali 661.

Enda þótt nefndinni virðist, að ef bátur, sem er yfir 15 smálestir, heldur úti, þannig að hann eigi kemur nema endur og sinnum á höfn, geti valdið bátum þeim, er frá landi koma, sömu óþæginda, og þótt hann færi fyr til veiða en aðrir bátar, er á höfn liggja, þá sjer nefndin eigi ástæðu til að leggja móti frumvarpinu. Það liggur í hlutarins eðli, að ef báturinn, þótt stór sje, hagar sjer eins og minri bátarnir, þá verði hann og að lúta sömu lögum. Taki hann hins vegar að stunda veiði á annan hátt, svo sem með færi eða netum, eða ef hann aðeins að öðru hvoru kemur í höfn, er hann undanskilinn ákvæðum frumvarpsins.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild Alþingis 7. sept. 1915.

G. Eggerz,  
form.

Matth. Ólafsson,  
skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.

M. J. Kristjánsson.

Sigurður Gunnarson.

Þórarinn Benediktsson.

Skúli Thoroddsen.